

## Vinnuumhverfisnefnd KÍ

Gerð er tillaga um að nefnd um vinnuumhverfismál verði fastanefnd á vegum KÍ sem heyri undir stjórn sambandsins og verði fag- og starfsnefnd hennar og aðildarfélaga KÍ í vinnuumhverfismálum.

- Hlutverk nefndarinnar verði meðal annars að endurskoða og þróa stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum, skipuleggja og standa fyrir árlegum þemadegi um vinnuumhverfismál félagsmanna og skipuleggja ráðgjöf, fræðslu og upplýsingagjöf til félagsmanna um vinnuumhverfismál, sál-félagslega álagsþætti í vinnuumhverfinu og samskipti á vinnustað.
- Starfsmaður KÍ í vinnuumhverfismálum verður samstarfsmaður nefndarinnar.
- Stjórn KÍ, í samstarfi við stjórnir félaga, tilnefni formann og fjóra aðra fulltrúa í nefndina í upphafi hvers kjörtímabils. Áhugi á og reynsla af vinnuumhverfismálum verði haft til hliðsjónar við tilnefningar í nefndina.
- Gert verði ráð fyrir fjármunum til málaflokksins vinnuumhverfismál í fjárhagsáætlun KÍ á hverju kjörtímabili með hliðsjón af stefnu og verkefnum á þessu sviði.